

BYGGINGARLÝSING:

Tilraunaloftreinsistöð er byggð upp af tilraunagámi sem hýsir vélbúnað og rafbúnað stöðvarinnar og þvottaturni sem stendur við hlið tilraunagámsins. Utan við tilraunastöðina verður einnig staðsettur færánlegur spennir fyrir rafmagn. Tilraunarekstur stöðvarinnar verður til eins eða tveggja ára en óvíst er hvernig hún verður nýtt að tilraunátímanum loknum. Stöðinni er ætlað að hreinsa H₂S og CO₂ úr andrúmsloftinu.

Tilraunagámur:

Um er að ræða hefðbundinn 40 feta sjóflutningsgám með aukinni lofthæð (high cube) 12,20x2,44 metra að utanmáli með 2,60 m lofthæð, sem breytt verður þannig að hann geti þjónað tilgangi verksins. Gámurinn kemur ofan á tvær forsteyptar undirstöður sem grafnar verða niður í núverandi malbikað plan á lóð orkuversins.

Tilraunagámurinn skiptist í tvö rými, vélbúnaðarrými (0101) og rafmagnsrými (0102) en á milli þeirra kemur loftþéttur einangraður veggur. Þétt verður í kringum allar lagnir sem liggja gegnum vegginn og milli veggs og stáls í gólfi, útveggjum og lofti gáms. Allur búnaður sem kemur inn í vélbúnaðarrýmið verður ATEX-vottaður í samræmi við ATEX-hönnun. Tilraunagámurinn er eitt brunahólf.

Gerð verða göt á gáminn fyrir hurðir, lagnir og loftræsílagnir. Sett verður upp 40 mm timburgrind innan á útveggi og neðan í loft gámsins og einangrað inn á milli timburgrindarinnar með 40 mm steinullareinangrun. Yfir einangrunina verður settur rakavarnardúk og klætt yfir dúkinn með rakaþolinni plötuklæðningu. Gámurinn verður málaður að innan og utan eftir viðeigandi málningarkerfum.

Auk stórra dyra (dyr á gámi) sem er á gaffli vélbúnaðarýmis verða settar þjár útihurðir á gáminn, tvær úr vélbúnaðarrými og ein úr rafmagnsrými.



Gólf gámsins verður einangrað neðan frá með 120 mm steinullareinangrun inn á milli burðarbita og settar blikk gataplötur neðan við einangrun. Allar hitalagnir inn í gámmum verða einangraðar til að draga sem mest úr hitamyndun frá þeim. Einnig verða settir upp loftblásarar til að halda uppi nauðsynlegum loftskiptum og hita í báðum rýmum gámsins.

Grunnflatarmál gáms er 29,8 m² og rúmmál: 77,5 m³.

Þvottaturn:

Után við tilraunagáminn kemur þvottaturn úr ryðfríu stáli. Þvottaturninn verður einangraður með 50 mm þykkri steinull og klæddur með 1mm ólituðu áli. Turninn er um 11,15 m há og er þvermál utan á álklaðningu um 0,5 m að ofan og um 0,9 m að neðan. Upp úr turni mun auk þess standa eldingavari sem mun ná um 3 m upp fyrir turninn. Þvottaturninum tengjast ýmsar lagnir ofanjarðar frá tilraunagámi.

Þvottaturninn hvílir á staðsteyptri undirstöðu 3 x 3 m að grunnfleti og 0,45 m þykkri. Utan um neðsta hluta þvottaturns upp í um 3,4 m hæð yfir undirstöðu kemur stálpallur ásamt stiga upp á pallinn vegna þjónustu við búnað.

SKÝRINGAR:

Staðsetning gáms, sjá hnit á teikningu nr. 7-80-1241.

20221216

Rann Þurkja
 KE. 0602483119


A 2022-09-19 RK SG RK Reyndarteikning
 Br.: Dags.: Han.: Yfirf.: Samþ.: Lýsing:



Verkfang: 90077 Hannað: RK Yfirarið: SG
 Dags.: 27.04.2021 Teiknað: ES Samþykkt: RK

ON - NESJAVELLIR

VEITUKERFI
 Tilraunaloftreinsistöð
 Afstöðumynd og byggingarlýsing Kvarði: 1:500
 Ferli= Sæti+ Staður +
 Verkefnisnr.: Teikn.nr.: 7-80-1240 A



A AFSTÖÐUMYND
 - 1:500